

7 19. jan. 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1954, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á reglugerð nr. 167/1946, sem birtar voru með auglýsingu nr. 236 30. des. 1952.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

8

## REGLUGERÐ

19. jan.

um breyting á reglugerð nr. 22 26. febr. 1953 um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

2. töluliður síðari málsgr. orðist svo:

Til loka febrúarmánaðar 1954 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 8.61 á viku.

Á 2. — ..... — 6.48 — —

Árið 1954 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar ..... kr. 350.00

Ógiftar konur ..... — 250.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar ..... kr. 250.00

Ógiftar konur ..... — 180.00

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 38/1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1954.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

9

## SAMÞYKKT

22. jan.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 66 29. marz 1950.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

*Í Hörgslandshreppi:*

1. *Brunasandsvegur:* Af þjóðveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með bygðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.